



394. fundur Þingvallanefndar

Fundur var haldinn á nefndasviði þann 18. október kl. 12:00. Fundarmenn voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Sylvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rauðukusunes 5

Tekið var fyrir erindi frá Agnari H. Johnson þess efnis að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti á sumarbústað að Rauðukusunesi 5. Agnar vill kaupa hlut systur sinnar í bústaðnum. Þingvallanefnd samþykkti að falla frá forkaupsrétti með venjulegum fyrirvörum.

2. Flutningur veðurstöðvar

Veðurstofa Íslands óskar eftir leyfi til að flytja sjálfvirka veðurstöð sem staðsett er við þjónustumiðstöðina en talið er að byggingar hafi truflandi áhrif á mælingar. Óskað er eftir leyfi til að færa veðurstöðina 50m norður frá þeim stað sem hún nú er. Þingvallanefnd samþykkti flutninginn enda hljótist ekki af því jarðrask sem ekki er hægt að bæta.

3. Fjárhagsstaða og uppgjör á göngubrú niður Kárastaðastíg

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir rekstrarstöðu þjóðgarðsins. Almennur rekstur hefur gengið vel og er staðan þar góð en framkvæmdaliðir hafa farið fram úr áætlun., þ.e. stofnkostnaður vegna göngubrúar niður Kárastaðastíg en sprungan sem þar leyndist og þurfti að brúa er mun stærri en búist var við þegar upphafleg áætlun um verkið var gerð. Þá var burðarvirki brúarinnar ekki fullhannað þegar framkvæmdir hófust og reisa þurfti stoðveggi við báða enda hennar. Vinna verkfræðistofunnar Eflu fór einnig langt fram úr áætlun.

Framkvæmdasýsla ríkisins sem annaðist umsjón verksins fyrir þjóðgarðinn hefur gefið skýringar á þessum þáttum í greinargerð, sem lögð var fram á fundinum. Ljóst þykir að þetta séu sem fyrr ófyrirséð útgjöld vegna jarðfallsins og því var óskað eftir 13 milljón króna fjárheimild í fjárukalögum þessa árs. Verði heimildin samþykkt mun staða þjóðgarðsins í lok árs verða ákjósanleg.

4. Silfra

Siglingastofnun vinnur að gerð öryggis- og umgengnisreglna um köfun í Þjóðgarðinum. Þessar reglur verða kynntar Þingvallanefnd og hagsmunaaðilum.

Unnið er að endurskoðun áætlunar um þjónustu, aðstöðu og gjaldtöku vegna köfunar í Silfru. Þjóðgarðsvörður áréttaði að samstarf yrði haft við hagsmunaaðila um þessi efni. Bókað er að beiðni Þorgerðar Katrínar að fullt samstarf og samvinna verði á milli hagsmunaaðila og Þingvallanefndar við framkvæmd og vinnslu við ferlið.

5. Þungaflutningar í Þjóðgarðinum

Sveitastjórnir og ábúendur í nágrenni Þingvalla hafa gagnrýnt þungatakmarkanir Vegagerðar í Þjóðgarðinum. Nefndin er sammála um að ekki eigi að hefta þá starfsemi sem er í Þjóðgarðinum og nágrenni og bændur verði áfram að geta sótt aðföng og flutt hey og búfénað án þungatakmarkana. Undanþágur frá þeim eru á verksviði Vegagerðarinnar en vert sé að skoða hvað sé hægt að gera.

Þjóðgarðsvörður mun á næstunni fara á fund sveitarstjórnarmanna ásamt fulltrúa Vegagerðarinnar til þess að ræða þessi mál. Nefndin telur að horfa þurfi á málið heildstætt og huga verði m.a. að hagsmunum íbúa á svæðinu, ferðamönnum og ferðaþjónustu auk þess markmiðs að raska ekki ró gesta í Þjóðgarðinum með loft- og hávaðamengun, sbr. einnig ábendingar UNESCO.

6. Uppbygging og skipulag á Hakinu

Þjóðgarðsvörður skýrði frá umsókn sem send var til Framkvæmdarsjóðs Ferðamannastaða um styrk til að ganga frá plani við suðausturenda Fræðslumiðstöðvarinnar. Einnig hefur verið send beiðni um fjárveitingu frá ríkinu til að hefja uppbyggingu á Hakinu eins og kynnt var á síðasta fundi nefndarinnar.

7. Önnur mál

- a. Unnið er að verkfræðilegri úttekt á þeim stöðum á Þingvöllum þar sem til greina kemur að reisa „nýja Valhöll“.
- b. Beiðni um frekari skoðun á rekstri rafbáts frá Rauðukusunesi er á borði þjóðgarðsvarðar. Hann mun funda með þeim sem hyggjast reka bátinn og ferðaþjónustu. Að þeim fundum loknum ákveður Þingvallanefnd hvort ganga eigi til samninga en það mun einnig velta á niðurstöðum skipulagsmála.
- c. Mælingar á ljósmengun og myrkri hafa verið gerðar á Þingvöllum. Þjóðgarðsvörður mun kynna niðurstöður fyrir nefndinni og rifjar upp hugmyndir um stjörnuskoðunarsetur sem kynntar hafa verið í nefndinni og að Þingvellir verði í forystu við að draga úr ljósmengun.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 13:35